



## Hraunteigur 8 – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. febrúar 2026 þar sem sótt er um til leyfi til að byggja bílskúr/vinnustofu, mhl.02, við einbýlishús á lóð nr. 8 við Hraunteig.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Hraunteig 8 borgarhluta 4. Laugardalur og er hluti af íbúðarsvæði.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir stgr. 1.360-1.365, Teigahverfi – syðri hluti, sem var samþykkt í borgarráði 2. júlí 2002, ásamt síðari breytingum.

### Umsögn

Húsið á lóð nr. 8 við Hraunteig er einbýlishús sem byggt var árið 1943.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að koma fyrir bílskúr og geymslu í nýju húsi á lóðinni, matshluta 2.

Árið 2005 var samþykkt bygging á bílskúr á lóðinni, BN031031, en hann var aldrei byggður og byggingarleyfi því útrunnið.

Nú er sótt um að fá að koma fyrir bílskúr 02 0101 og geymslu 02 0102 á lóðinni sem yrði samtals 76.1 m<sup>2</sup>.

Samkvæmt deiliskipulagi er heimilað að koma fyrir bílskúr á lóðinni sem má vera að hámarki 32 m<sup>2</sup>, suðaustanmegin við einbýlishúsið sem er fyrir.

Það samræmist því ekki skipulagi að heimila byggingu á bílskúr og vinnustofu, matshluta 2, rýmisnr. 02 0101 og 02 0102.

### Niðurstaða

- Neikvætt tekið í erindið, samræmist ekki skipulagi.



**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar  
verkefnastjóri